

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 119/1993. **Birna Þórðardóttir**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Vesturgötu hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Kærumál. Skipti. Skaðabætur. Fasteign. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1993 verði hrundið og breytt á þá lund, að eftirfarandi kröfur sínar verði teknar til greina:

„1. Að viðurkennd verði sem almenn krafa í þrotabú Vesturgötu hf. skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð 5.367.800 kr. að höfuðstól.

2. Að viðurkenndir verði sem almenn krafa vextir af höfuðstól 5.367.800 kr., sem reiknist 11% ársvextir frá 13. nóvember 1989 til 1. janúar 1990, 9% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1990, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1990, 5% ársvextir frá þeim degi til 8. desember 1990, en dráttarvextir samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 25/1987, frá þeim degi til 16. september 1991 og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 13. desember 1990, og vextir þannig reiknaðir af samanlögðum höfuðstól og vöxtum til 16. september 1991, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

3. Að viðurkenndir verði sem eftirstæð krafa vextir frá 16. september 1991 og þeir höfuðstólsfærðir eftir reglum 12. gr. 1. nr. 25/1987 til greiðsludags.“

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Kærumál þetta var flutt munnlega fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing lögmanns Sigurðar Grímssonar, dagsett 20. apríl 1993, að honum hafi verið kunnugt um þingfestingu þessa máls og umbjóðandi hans hafi ákveðið að hafa ekki afskipti af því. Þá kom fram við flutning málsins hér fyrir dómi, að mál sóknaraðila gegn Sigurði Grímssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sem þingfest var í héraði 28. janúar 1992, hefur verið fellt niður.

I.

Sóknaraðili styður skaðabótaskyldu varnaraðila meðal annars því, að fyrirsvarsmenn Vesturgötu hf. hafi ekki gengið svo tryggilega frá aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins, Geirsbúðar, sem almennt megi ætlast til af veitingamönnum, í ljósi þeirrar hættu, sem skapast geti á vínveitingahúsum vegna umgengni viðskiptavina.

Samkvæmt gögnum málsins var dyraumbúnaði svo fyrir komið, að tveir eins vængir mynduðu hurðina. Hvor vængur er með þremur römmum, og eru 82 x 30 cm stórar rúður í efsta og stærsta ramma hvors vængs. Í rúðunum var 6 mm einfalt gler. Slysið varð með þeim hætti, að gestur veitingastaðarins sló í gegnum glerið á öðrum vængnum. Dyraverðir höfðu nýlega látið hann út fyrir, og leitaði hann inngöngu að nýju. Er ósannað, að hann hafi ætlað sér að brjóta glerið í hurðinni, þegar hann sló í rúðuna. Þröng vill myndast við dyr vínveitingahúsa, og nokkur hættu er á, að menn leiti þar ákaft inngöngu og knýi dyra. Þá getur það hent, að dyraverðir verði að vísa gestum á dyr, og getur þá komið til handalögmála. Dyraumbúnaður vínveitingahúsa þarf því að vera traustur. Verður að fallast á það með sóknaraðila, að glerið í vængjum hurðarinnar hafi ekki verið svo traustur búnaður sem gera verður kröfu til, þegar litið er til reksturs veitingastaðarins. Verður að leggja það til grundvallar dómi í máli þessu, að þessi vanbúnaður hafi verið meðorsök að tjóni sóknaraðila. Sóknaraðili átti engan þátt í tjóni sínu. Ber varnaraðili fulla ábyrgð á slysinu gagnvart henni.

II.

Áverka þeim, er sóknaraðili hlaut, var fyrst lýst í bréfi Einars Stefánssonar yfirlæknis frá 5. september 1990, og segir þar: „Birna

Þórðardóttir varð fyrir slysi á auga þann 13. nóvember 1989, glerbrot hafa skorið af vinstra augað. Samdægurs var hún lögð inn á Landakotsspítala og stór skurður á vinstra auga saumaður. Þann 21. nóv. var síðan gerð glerhlaupsaðgerð, blæðing í auganu fjarlægð. Birna var síðan í reglubundnu eftirliti og lyfjameðferð vegna augnþrýstings og hafði á þessum tíma verulega verki í auganu. Þetta hafðist smám saman, og sjónin fór batnandi. Strax eftir slysið var sjónin aðeins ljós á auganu, en hefur farið batnandi stig af stigi, og við síðustu skoðun þann 27. júní 1990 er sjónskerpan 6/12 á þessu auga. Hægra auga hefur fulla sjónskerðu, 6/6 með nærsýnisgleri. Til þess að ná sjónskerpunni upp í 6/12 á vinstra auganu þarf Birna að vera með snertilinsu og sennilega gleraugu þess utan. Hún er sennilega með fullt sjónsvið, enda þótt það hafi ekki verið mælt nákvæmlega. Hvarf lithimnan úr auganu við slysið, sem gerir það að verkum, að erfiðara er fyrir Birnu að aðlagast björtu ljósi, og hún getur ekki stillt þetta auga til lestrar, enda er augasteinn ekki til staðar. Kemur hún til með að þurfa að nota lestrarglæraugu vegna vinstra augans. Birna er á augndropum vegna hækkaðs augnþrýstings, og er viðbúið, að hún noti þá dropa um einhverja framtíð, og auk þess mun hún þurfa að skipta um snertilinsur reglulega, og mun verða nokkur kostnaður vegna þess. Hún mun að sjálfsögðu þurfa eftirlit með vinstra auga til frambúðar, og langtíma fylgikvillar eru hugsanlegir, þótt engir séu fyrirsjáanlegir.“

Einar Stefánsson yfirlæknir gaf nýtt vottorð 27. janúar 1992. Segir þar meðal annars á þessa leið:

„... reyndist við komu vera með stóran skurð á vi. auga, ferska blæðingu úr auganu, og var augað fullt af blóði. Hún gekkst undir tvær skurðaðgerðir, meðan hún dvaldist á sjúkrahúsinu. ... Fyrstu vikurnar eftir slysið var þrýstingur í auganu hár, og hafði Birna af því umtalsverða verki í auganu. Allmörgum mánuðum eftir slysið fékk Birna snertilinsu í vi. auga og fékk þar með sjónskerpu upp á 6/7 á vi. auga, en sjónskerpan á hæ. auga er 6/6 með -1 gleraugnalinsu. ... Þar sem augasteinninn tapaðist við slysið, getur Birna ekki nærstillt og þarf því að nota lesaglæraugu til lestrar með vi. auganu. Hún hefur gláku á vi. auga, sem tvímælalaust má rekja til slyssins, og mun hún þurfa meðferðar við æðilengi vegna þessa. Enda þótt sjónskerpan sé þokkalega góð nú, má vera ljóst,

að sjóninni stafar nokkur hættu af glákunni. Væntanlega er hægt að halda glákunni í skefjum með augndropum, sem notaðir eru oft á dag, en alls ekki er hægt að útiloka, að til frekari skurðaðgerða þurfi að koma í framtíðinni til þess að hafa stjórn á glákunni.“

Björn Öundurson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku sóknaraðila á grundvelli vottorðsins 5. september 1990. Er matsgerð hans dagsett 24. október 1990, og segir þar meðal annars:

„... Það er niðurstaða undirritaðs, í samráði við augnlækni, að skaði slösuðu sé slíkur, að líkja meg við, að hún hafi misst auga. Þetta auga mun ætíð valda slösuðu vanda og verður til lítils gagns í starfi. ...“

Þá hefur hann með bréfi 21. desember 1992 lýst því, að gögn, er síðar hafi verið lögð fram, breyti ekki fyrra mati sínu. Metur hann örorku sóknaraðila vera varanlega 20%.

Í kröfu sóknaraðila felst annars vegar krafa um bætur vegna varanlegrar örorku og tapaðra lífeyrisréttinda, 3.867.800 krónur, hins vegar krafa um miskabætur, að fjárhæð 1.500.000 krónur. Bótafjárhæð vegna varanlegrar örorku byggir hann á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 8. nóvember 1990. Segir þar: „... Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Birnu voru vinnutekjur hennar árin 1987-1989, eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

	<i>Tekjur</i>	<i>Umreiknaðar tekjur</i>
Árið 1987	kr. 843.224	1.270.000
— 1988	— 1.122.500	1.424.500
— 1989	— 1.499.462	1.671.800
Meðaltal		<u>1.455.400</u>

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekju-
tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna, og
örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	<i>Áætlaðar tekjur</i>	<i>Tekju- tap</i>
Árið 1989, frá slysdegi	kr. 191.200	155.300
Árið 1990	— 1.453.600	377.600
Síðan árlega	— 1.455.400	291.100

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdagi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 296.000
Vegna varanlegrar örorku	— 3.648.900
Samtals	kr. 3.944.900

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku. Það verður í þessu tilfelli kr. 218.900 ...“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis notar tryggingastærðfræðingurinn einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands til útreikningsdags. Þegar tekið hefur verið tillit til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón sóknaraðila vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðið 2.600.000 krónur. Tjón vegna miska er hæfilega ákveðið 200.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu verður krafa sóknaraðila viðurkennd sem almenn krafa í þrotabúið, að fjárhæð 2.800.000 krónur. Ber þá jafnframt að viðurkenna sem almenna kröfu vexti af þessari fjárhæð, svo sem krafist er, til upphafsdags skipta 16. september 1991 og vexti frá þeim degi til greiðsludags sem eftirstæða kröfu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Hefur þá eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Krafa sóknaraðila, Birnu Þórðardóttur, er viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Vesturgötu hf., að fjárhæð 2.800.000 krónur, með 11% ársvöxtum frá 13. nóvember 1989 til 1. janúar 1990, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1990, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1990, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 8. desember 1990, en dráttarvöxtum frá þeim degi til 16. september 1991. Vextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. desember 1990.

Krafa um dráttarvexti af þessari fjárhæð frá 16. september 1991 til greiðsludags er viðurkennd sem eftirstæð krafa.

Protabú Vesturgötu hf. greiði sóknaraðila 750.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Gunnars M. Guðmundssonar
og Péturs Kr. Hafstein.

Enda þótt unnt hefði verið að koma í veg fyrir umrætt slys með gluggalausri útihurð veitingahússins og sjá hefði mátt fyrir, að fólki innan dyra kynni að vera búin einhver slysaætta vegna rúðubrots við áþekkar aðstæður og sköpuðust í umræddu tilviki, getur það ekki að lögum orðið grundvöllur bótaskyldu þess aðila, sem ábyrgð bar á veitingarekstri í húsinu. Svo rík krafa verður ekki gerð til þeirra, sem reka vínveitingahús, að umbúnaður útidyra sé að því leyti rammger í öryggisskyni umfram til dæmis glugga á veitinga-sölum, að tryggt sé, að gestir geti ekki orðið fyrir slysum vegna skaðaverka af völdum manna utan dyra.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar miðvikudaginn 27. janúar sl., var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með þingfestingu þess 28. september sl. Sóknaraðili máls þessa er Birna Þórðardóttir, kt. 260249-4529, Hverfis-götu 90 A, Reykjavík. Varnaraðili málsins er þrotabú Vesturgötu hf., kt. 560987-1109, Lágmúla 7, 108, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru eftirgreindar:

1. Að viðurkennd verði sem almenn krafa í þrotabú Vesturgötu hf. skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð 5.367.800 kr. að höfuðstól.

2. Að viðurkenndir verði sem almenn krafa vextir af höfuðstól, 5.367.800 kr., sem reiknist 11% ársvextir frá 13. nóvember 1989 til 1. janúar 1990, 9% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1990, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1990, 5% ársvextir frá þeim degi til 8. desember 1990, en dráttar-vextir samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til 16. september 1991 og að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 13. desember 1990, og vextir þannig reiknaðir af samanlögðum höfuðstól og vöxtum til 16. september 1991, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

3. Að viðurkenndir verði sem eftirstæð krafa vextir frá 16. september 1991 og þeir höfuðstólsfærðir eftir reglum 12. gr. 1. nr. 25/1987 til greiðsludags.

4. Sóknaraðili krefst málskostnaðar samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands að viðbætti fjárhæð, sem svarar til virðisaukaskatts.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila, þ. e., að staðfest verði með dómi réttarins, að stefnandi málsins eigi engar skaðabótakröfur á hendur þrotabúi Vesturgötu hf., hvorki forgangs- né almennar kröfur.

Til vara gerir varnaraðili kröfu til þess, ef dómari málsins kynni að líta svo á, að varnaraðili beri skaðabótaábyrgð að einhverju leyti á tjóni stefnanda, að sök verði skipt á þá leið, að aðeins lítið brot ábyrgðarinnar verði fellt á varnaraðila.

Varnaraðili gerir kröfu til þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Hinn 21. ágúst 1992 barst dóminum krafa Helga Jóhannessonar, skiptastjóra þrotabús Vesturgötu hf., kt. 560987-1109, dags. 20. ágúst 1992, um úrlausn ágreinings, sem risið hefur við gjaldþrotaskiptin, en búið var tekið til gjaldþrotaskipta 16. september 1991, og kröfufylsingarfrestur rann út 9. desember 1991.

Skiptastjóri lýsti ágreiningsefninu nánar svo, að Birna Þórðardóttir, kt. 260249-4529, Hverfisgötu 90 A, Reykjavík, hafi lýst kröfu í búið vegna slyss, sem hún varð fyrir í veitingahúsinu Geirsbúð, en Vesturgata hf. hafi verið eigandi rekstrarins. Krafa Birnu sé reist á almennum bótareglum og vísað til þess, að dyraumbúnaður veitingahússins hafi verið með þeim hætti, að veitingahúsið hafi borið ábyrgð á tjóni Birnu.

Kröfu Birnu hafi verið hafnað að svo stöddu af skiptaráðanda, m. a. vegna þess, að upphafleg kröfugerð hafi verið reist á áætlun. Síðar hafi krafan verið lækkuð í 5.663.000 kr. að höfuðstól og lögð fram afrit af bæjarþingsstefnu og greinargerð, þar sem fram hafi komið, að Sjóvá-Almennum tryggingum hf., tryggingafélagi Vesturgötu hf., sé stefnt auk tjónvalds til að þola dóm vegna ofangreindrar fjárhæðar auk vaxta og kostnaðar. Þinghald skiptaréttar Reykjavíkur 15. maí 1992 hafi sótt lögmennt Birnu og Sjóvá-Almennra trygginga hf. og lögmaður tryggingafélagsins mótmælt samþykkt kröfunnar, en lögmaður Birnu gert kröfu um samþykkt hennar.

Skiptastjóri taldi með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991, nauðsynlegt að fá úrlausn Héraðsdóms Reykjavíkur um þann ágreining,

sem snúi að samþykkt kröfu Birnu Þórðardóttur á hendur þrotabúi Vesturgötu hf.

3.0.

Um aðdraganda málsins og málavexti segir sóknaraðili eftirgreint:

Af réttarskjöllum megi sjá, að dómsmál hafi verið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 28. janúar 1992 af hálfu sóknaraðila gegn Sigurði Grímssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og sé málið nr. E-795/1992.

Ástæður þess, að tryggingafélaginu hafi verið stefnt í því máli, séu þær, að Vesturgata hf. hafi keypt svonefnda atvinnurekstrartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Sóknaraðili hafi ekki beint kröfum að Vesturgötu hf., áður en það fyrirtæki varð gjaldþrota, svo að ekki hafi legið fyrir, hvort fyrirtækið samþykkti eða hafnaði ábyrgð á tjóni sóknaraðila.

Eðlilegt hafi þótt að stefna til bæjarþings kröfu sóknaraðila og stefna þá bæði tjónvaldi, Sigurði Grímssyni, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en félagið hafi þá neitað allri bótaskyldu. Í greinargerð félagsins hafi m. a. verið krafist sýknu á grundvelli aðildarskorts með tilvísun til 95. gr. laga nr. 20/1954 og dómafordæma og staðhæft, að sóknaraðili hafi ekki öðlast rétt hins vátryggða á hendur tryggingafélaginu, þar sem hvorugur aðili hafi viðurkennt bótaskyldu og bótafjárhæð og hinum vátryggða hafi ekki verið stefnt til greiðslu bóta. Samkvæmt réttarfarslögum hafi sóknaraðili ekki getað stefnt þrotabúinu til bæjarþings, heldur orðið að lýsa kröfum til skiptaréttar, sbr. 33.-35. gr. laga nr. 3/1978, sbr. og 54. gr. og 238. gr. laga nr. 85/1936.

Jafnhliða bæjarþingsstefnu hafi kröfunni verið beint til þrotabús Vesturgötu hf., en kröfu sóknaraðila í þrotabúið hafi verið hafnað. Sjóvá-Almennum tryggingum hf. hafi verið gert viðvart um kröfur sóknaraðila, og samkomulag hafi orðið um að reka mál um ágreininginn eftir reglum laga nr. 21/1991.

Málavextir í þrengra samhengi séu á þá leið, að aðfaranótt 13. nóvember 1989 hafi sóknaraðili verið staddur í veitingastaðnum Geirsbúð, Vesturgötu 6, hér í borg, en eigandi rekstrarins hafi verið Vesturgata hf. Þegar loka hafi átt staðnum um kl. 1.00 eftir miðnætti, hafi stefnandi verið á útleið sem og aðrir gestir, sem þá hafi verið í húsinu. Skyndilega hafi rúða verið brotin í útidyrum hússins, glerbrot kastast inn og dreifst um allnokkurt svæði. Svo illa hafi viljað til, að sóknaraðili hafi fengið glerflís í vinstra auga, stór skurður hafi komið á augað og augasteinn og lithimna horfið úr auganu. Þessu hafi fylgt miklar blæðingar, og hafi sóknaraðili þurft að gangast undir tvær veigamiklar augnaðgerðir vegna þessa. Afleiðingar séu þær, að sóknaraðili rétt greini mun ljóss og myrkurs með vinstra auga

og samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis hafi sóknaraðili hlotið 20% varanlega örorku vegna þessa atviks.

Samkvæmt lögregluskýrslum, sem teknar hafi verið í tilefni slyss sóknaraðila, megi lesa, að Sigurður Grímsson kvikmyndagerðarmaður hafi verið valdur að rúðubroti því, sem olli skaða sóknaraðila. Sigurður muni hafa verið mjög ölvður og átt í útistöðum við dyraverði staðarins, en þeir fjarlægð hann með valdi af veitingastaðnum, og muni töluverð illindi hafa fylgt. Sigurður lýsi atburðum á þann veg, að undir lokun veitingastaðarins hafi dyravörður gengið að sér og beðið sig að hverfa af staðnum. Hann hafi óskað eftir því að fá að ljúka úr glasi sínu, en hafi þá skyndilega verið tekinn haustaki. Því hafi fylgt stimpingar og töluvert uppnám, en að lokum hafi sér verið fleygt á dyr. Sigurður mun hafa reiðst og ráðist að útihurð staðarins, en ekki sé nein sérstök vitræn skýring á því, hvers vegna hann slái í glerrúðu hurðarinnar og brjóti hana.

Af vitnaskýrslum megi ráða, að dyraverðir hafi gerst offerar í störfum sínum, en vitni telji, að sýnileg tilefni til afskipta dyravarða hafi verið lítil sem engin og þau lýsi óþarfaaðför og þjónskap. Dyraverðir lýsi annarri sögu í vitnisburði sínum, en þó megi ráða af framburði eins dyravarðanna, að ekki hafi verið brugðist rétt við að öllu leyti.

Hvernig svo sem á þau atriði sé litið, sé ljóst, að dyraverðir hafi ekki gætt Sigurðar Grímssonar, eftir að honum hafi verið komið út, þrátt fyrir það að hann hafi verið bæði æstur og reiður og hefði uppi tilburði til að komast aftur inn á veitingastaðinn. Slíkt hafi þó verið nauðsynlegt, þar sem dyraumbúnaður hafi verið mjög veigalítill og gler í útihurð, m. a. einungis 6 mm einfalt gler, og dyraumbúnaður töluvert veigaminni en á öðrum sambærilegum veitingahúsum.

Það sé hluti málavaxta, að ákærvaldið hafi séð ástæðu til að höfða refsímál gegn Sigurði Grímssyni, og hafi hann verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 7. september 1990 í 45 daga varðhald fyrir brot á 219. gr. alm. hgl., en dómurinn sé skilorðsbundinn. Hinn 22. mars 1991 hafi Hæstiréttur staðfest þessa niðurstöðu.

Við yfirheyrslur hafi forráðamenn Vesturgötu hf. upplýst, að reksturinn væri tryggður hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og hafi raunar sjálfir álitnið, að slys sóknaraðila félli undir þá tryggingu. Tryggingafélagið hafi neitað því, að um bótaskyld tjón væri að ræða, og hafi lagst gegn því, að krafa sóknaraðila yrði viðurkennd og tekin á kröfuskra þrotabúsins, og jafnframt hafi félagið sjálft tekið til varna f. h. þrotabúsins.

4.0.

Sóknaraðili heldur því fram, að Vesturgata hf., eigandi rekstrar Geirsbúðar, beri bótaábyrgð á tjóni sínu og eðlilegt, að krafa hans verði sam-

þykkt í samræmi við kröfugerð. Byggt sé á almennum bótareglum og því haldið fram, að Vesturgata hf. hafi ekki gengið nægilega tryggilega frá aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins, og þá sérstaklega, að umbúnaður og gler í útihurð hafi ekki verið nægilega traust og ekki með þeim hætti, sem ætlast megi til af góðum og gegnum veitingamönnum. Sé sérstaklega vísað til fram lagðra ljósmynda í þessu sambandi. Af þeim megi ráða, hvernig almennt sé staðið að umbúnaði útidyra vínveitingahúsa, enda ljóst, að tryggilega verði að ganga frá aðkomu húsanna í ljósi átroðnings og framkomu viðskiptavina, oft alldrukinna.

Það sé einnig málsástæða, að Vesturgata hf. beri ábyrgð á starfsmönnum sínum, sem beiti röngum og óþörfum aðferðum við að fjarlægja drukkin viðskiptavin veitingastaðarins án þess að gæta öryggis annarra viðskiptavina, en dyraverðir láti hjá líða að fylgjast með hegðun æsts og drukkins manns, sem þeir hafi fjarlæggt, er hann ráðist að útihurð og brjóti rúðugler með framangreindum afleiðingum. Dyraverðir séu þannig meðvaldir að tjóni sóknaraðila, og vinnuveitandi þeirra beri á þeim bótaábyrgð.

5.0.

Málsástæður og lagarök varnaraðila eru eftirgreind:

Um þá málsástæðu sóknaraðila, að varnaraðili beri húsbóndaábyrgð á dyravörðum hússins, sem með óþarfa-fruntaskap hafi reitt Sigurð Grímsson til reiði og séu því meðábyrgir á því tjóni, sem hann olli, þegar hann braut rúðuna í útidyrum ölstofunnar, sé rétt að benda á, að í skjölum málsins komi það skýrt fram, að ekki sé vávæni milli átaka við dyravörðinn og rúðubrots Sigurðar Grímssonar. Rúðan brotni ekki vegna átaka þeirra. Upplýst sé með framburði vitna, að búið hafi verið að láta manninn út og loka dyrum, þegar hann hafi ráðist með barsmíð að dyrunum og slegið með krepptum hnefa á rúðu í vængjahurðinni, þann hlutann, sem ekki hafi verið opnanlegur. Sigurður segi sjálfur við lögregluýfirheyrslur 15. nóvember 1989 eftirgreint:

Það liggi þannig ljóst fyrir, að ekkert orsakasamband sé á milli átaka Sigurðar við dyravörðinn og óhappaverksins. Það líði greinilega góð stund, frá því að Sigurður sé látinn út og dyrum lokað, þar til hann ráðist að hurðinni með barsmíð.

Þá sé því ákveðið haldið fram, að dyravörður hafi ekki gert annað en skyldu sína og alls ekki farið út fyrir leyfilegar aðgerðir, sem undir störf hans falli.

Um þá málsástæðu sóknaraðila, að hönnun útidyra ölstofunnar (Geirs-búðar) hafi verið ábótavant, skuli bent á eftirfarandi:

Öll tilskilin leyfi hafi legið fyrir frá þar til bærum yfirvöldum um, að húsið fullnægði þeim skilyrðum, sem sett séu fyrir rekstri ölstofu.

Stefnandi byggði eingöngu á því, að óforsvaranlegur frágangur hafi verið á útidyrhúrd ölstofunnar. Því til sönnunar leggi hann fram fjölmargar myndir af veitingastöðum hér í borginni. Í greinargerð hans komi fram, að nauðsynlegt sé að hafa rúðulausar eða mjög rúðulitlar hurðir, og eigi myndir hans að færa sönnur á það. Á það skuli bent, að þykkt rúðunnar hafi verið 6 mm, sem sé mun þykkara en venjulegar gluggarúður.

6.0. Forsendur og niðurstaða.

Sóknaraðili heldur því fram, að Vesturgata hf. beri ábyrgð á starfsmönnum sínum, sem hafi ekki sýnt nægilega aðgát og ekki beitt réttum aðferðum við að fjarlægja drukkin viðskiptavin veitingastaðarins og látið hjá líða að fylgjast með hegðun hans, eftir að þeir fjarlægðu hann, svo að fyllsta öryggis væri gætt gagnvart öðrum gestum.

Svo sem fram kemur í atvikalýsingu málsins, varð slysið ekki, meðan átök voru innan dyra. Sigurður Grímsson var staddur utan dyra, og dyrnar voru lokaðar. Ekki verður talið, að starfsmönnum hússins hafi borið skylda til að gæta Sigurðar utan dyra. Þegar þetta sé virt, verði að telja, að ekki séu nægileg tengsl milli átaka hans við starfsmenn hússins annars vegar og athafna hans utan dyra og afleiðinga þeirra hins vegar til að fella bótaábyrgð á rekstraraðila hússins eða starfsmenn hans.

Sóknaraðili hefur einnig uppi þá málsástæðu, að Vesturgata hf. hafi ekki gengið nægilega tryggilega frá aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins. Dyraumbúnaður og þá sérstaklega gler í útihurð hafi ekki verið með þeim hætti, sem ætlast megi til af góðum og gegnum veitingamönnum, einungis hafi verið haft einfalt gler í útihurð. Slíkur frágangur sé ekki forsvaranlegur í ljósi þeirrar hættu, sem skapist á vínveitingahúsum vegna umgengni drukkinna viðskiptavina.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að umrædd aðkoma og dyraumbúnaður veitingahússins brjóti í bága við gildandi opinberar reglur um búnað og rekstur veitingastaða. Alkunna er, að gler er víða í húsakynnum og borðbúnaði veitingahúsa, og er ekki unnt að fallast á með sóknaraðila, að gler í útihurð sé út af fyrir sig vanbúnaður. Verður almennt að ætla viðskiptavinum veitingahúsa, að þeir sýni nægilega aðgát í umgengni við gler og glervöru.

Enn fremur hefur eigi verið leitt í ljós, að frágangur á aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins hafi verið óvenjulegri eða varhugaverðari en almennt gerist í veitingahúsastarfsemi eða hafi verið óhæfilegur miðað við þær kröfur, sem gerðar hafa verið til rekstraraðila veitingahúsa hérlendis

hingað til. Þykir því ósannað, að tjónið verði rakið til óforsvaranlegs frágangs á aðkomu og dyraumbúnaði veitingahússins, og verður hann því ekki virtur rekstraraðilum til sakar.

Þá verður ekki talið, að um hlutlæga ábyrgð Vesturgötu hf. sé að ræða.

Af framangreindum ástæðum verður ekki fallist á kröfur sóknaraðila. Kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila verður því hafnað. Eftir atvikum og með tilvísun til 1. málslíðar 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Birnu Þórðardóttur, á hendur varnaraðila, þrotabúi Vesturgötu hf., er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
